



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	3. fundur stjórnar KLÍ 2021-2022
Staðsetning:	Netfundur
Hvenær:	15. júlí 2021 kl.20.30
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Skúli Freyr Sigurðsson (SFS) Meðstjórnandi Hörður I Jóhannsson (HIJ) Varamaður Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Gjaldkeri Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Framkvæmdarstjóri Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (GHK) Ritari Svavar Þór Einarsson (SPE) Varamaður
Boðuð forföll:	
Fjarverandi:	Helga Hákonardóttir (HH) Varamaður
Fundarritari:	GHK

Fundargerð

- Engar athugasemdir við fundargerð og hún talin samþykkt

Framkvæmda- og Íþróttastjóri

- ECC: Hafþór hefur afþakkað sætið og fer Gunnar í hans stað með Maríku.
- Dagskrá 2021-2022 er tilbúin og uppsett, mótanefnd búin að fara yfir og samþykkja. Örlitlar tilfærslur urðu við uppsetningu dagskrár og engar dagsetningar komnar á leikina enn sem komið er.
- Annað: Tillaga að Meistarakeppnin og Bikarúrslit verði á Skaganum og í beinni á ÍATV og var það samþykkt.
- Umræða um önnur mót og hvernig skuli haga þeim málum.
- Haft var samband og KLÍ beðið um að vera með í íþróttaviku og kynna í völdum sveitafélögum um landið.

Gjaldkeri

- Fjármál í góðu en upp kom vesen með launatengd gjöld og er verið að vinna í að leysa þetta.
- Útistandandi er reikningur hjá X og er sú vinna í ferli.
- Ógreitt í Utandeild, ítrekun hefur verið send, ef ekki greiðist þá verður þetta fellt niður.

ETBF þing - IBF þing

- Tillaga að JÁJ og ÞMP fari á Evrópuþingið, ÞMP getur þá orðið eftir og aðstoðað Gunnar og Maríku. Samþykkt af öllum viðstöddum.
- JÁJ fari í leiðinni og taki World Cup Master ef tími og aðstæður leyfa.

Önnur mál

- Umræða um hvernig hægt er að fá fleiri konur í keilu.
- Tækninefnd stefnir á að birta lista yfir olíuburði vetrar sama dag og dagskrá verður birt.
- RIG verður í beinni útsendingu á RUV2. Fullt af konum að koma en vantar fleiri karlmenn. Gera flyera sem verða teknir með til Aþenu í október til dreifingar.

Fundi slitið kl. 21.23